

FISKIRANNSÓKNIR Á VATNASVÆÐI
KJALLAKSTAÐÁÁR. FRAMVINDUSKÝRSLA.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, maí 1988

VMST-V/88012X



VEIÐIMÁLASTOFNUN - VESTURLANDSDEILD
Kveldúlfsgötu 2A, 310 Borgarnesi.

FISKIRANNSÖKNIR A VATNASVÆDI KJALLAKSTADAAR FRAMVINDUSKYRSLA

1. INNGANGUR

Árið 1986 hófust rannsóknir á laxastofni Kjallakstaðaár á Fellsströnd. Helsta markmið þessara rannsókna var að athuga útbreiðslu laxaseiða í vatnakerfinu, þéttleika þeirra og vöxt og athuga hvort einhverjar fiskræktaraðgerðir væru líklegar til að auka laxgengd í vatnakerfið, en laxveiðin hefur verið fremur rýr síðustu árin. Í rannsóknunum 1986 kom í ljós að laxaseiði fundust víðast hvar þar sem sáemileg skilyrði voru til staðar, en þó var nær alls staðar fremur lítill þéttleiki seiða og átti þetta bæði við um Tunguá og Flekkudalsá. Akveðið var að halda þessum rannsóknum áfram árið 1987 og einnig var sjógönguseiðum sleppt í ána vorið 1987 í ljósi þess að laxgengd hefur verið í minna lagi síðustu árin. Haustið 1986 var einnig reynt að taka stofn árinna til undaneldis en ekki tókst að afla klaklax úr ánni. Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum rannsókna sem gerðar voru sumarið 1987.

2. ADFERÐIR

Veiðistöðum var nokkuð fækkað sumarið 1987 miðað við árið áður og var nú veitt á 7 stöðum. Staðsetning rafveiðistaða er sýnd á mynd 1. Einnig var veitt á öðrum tíma en árið áður. Farið var í ána þann 6.08 1987 en um miðjan júlí árið 1986. Veidd var ein veiðiyfirferð á hverjum stað og fjöldi seiða umreiknaður á 100 m² botnflatarmál.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. SEIDAPÉTTLEIKI

Í Tunguá fundust 4 seiðaaldurshópar, allt frá vorgömlum seiðum til þriggja ára seiða (Tafla 1). Tveggja ára seiðin voru langfjölmennasti árgangurinn, en tiltölulega mjög lítið varð vart við vorgömul seiði, eins árs seiði og þriggja ára seiði (Mynd 2). Tunguá verður nú að telja vansetta af seiðum, einkum yngri seiðum. Það er ljóst að mjög lítil hrygning hefur verið í ánni haustið 1985 og 1986 og mjög

lítið komist upp af seiðum úr þessum hrygningarárgöngum. Hins vegar er töluvert af tveggja ára seiðum, þ.e seiðum úr hrygningu 1984 og verður að telja þann árgang nægilega stóran.

Um Flekkudalsá er svipað að segja og um Tunguá, jafnvel þó að meðaltali hafi veiðst fleiri seiði í henni en árið 1986. Seiðafjöldinn er borinn uppi af 1985 árganginum úr hrygningu 1984 (Mynd 2). Mjög lítið veiddist hins vegar af vörgömlum seiðum og eins árs seiðum eins og í Tunguá og er nærtækasta skýringin sú sama þ.e of lítill hrygningarstofn haustin 1985 og 1986. Flekkudalsá verður því einnig að telja vansetna seiðum eins og Tunguá.

Í Kjallakstaðaá var veitt á einum stað fyrir neðan veiðihúsið, en árið áður var veitt mun neðar rétt ofan við ósinn og er seiðamagnið því ekki sambærilegt á milli ára. Mun meira af eins árs seiðum veiddist í Kjallakstaðaá en annars staðar í ánni og reytingur af tveggja ára seiðum. Í heild var þó einnig fremur lítið af seiðum á þessum stað.

3.2. VOXTUR

Lengdardreifing og aldur laxaseiða er sýndur á mynd 3 eftir veiðistöðum og enn fremur eru meðallengdir hvers aldurshóps sýndar í Töflu 2. Vöxtur seiðanna eru alls staðar fremur svipaður, en þó reyndist vöxturinn eilítið betri í Tunguá en Flekkudalsá. Vöxtur er aðallega háður fæðumagni og vatnshit-
anum og virðast skilyrðin því fremur svipuð í vatnakerfinu hvað þetta snertir.

4. UMRÆÐUR

Niðurstöður sýna að seiðapéttleikinn í vatnakerfinu er of lítill. Það er einungis einn árgangur frá 1985 sem má telja eðlilegan, en þeir sem á eftir koma eru allt of litlir. Ástæður þessa eru að öllum líkindum of lítill hrygningarstofn síðustu ár þ.e of lítið af fiski hefur verið eftir til hrygningar. Á síðustu árum hefur komið í ljós að gagnstætt við það sem áður hefur verið haldið þá getur stangveiðin í ánum veitt of stóran hluta þess lax sem gengur og á þetta

sérstaklega við þegar gangan er mjög lítil en þá stóreykst veiðiálagið á hvern fisk miðað við þau ár þegar gangan er stærri. Umhverfisástæður hafa örugglega einnig haft sitt að segja um laxgengdina síðustu árin og er líklegt að árgangar laxa sem fæddust 1979 og 1983 hafi verið litlir vegna erfiðra umhverfisskilyrða. Tiðarfarið nú er hins vegar gott og stærð hrygningarstofnsins því örugglega eina skýringin á litlum árgöngum.

Margt kemur til greina til úrbóta á þessu ástandi. Til greina kemur að minnka veiðiálagið og fækka stöngum meðan að göngur eru litlar í ána og hlífa þannig hrygningarstofninum. Einnig gæti komið til greina að friða hluta af ánum fyrir veiði. Báðar þessar leiðir eru þó erfiðar í framkvæmd og eru einnig tilgangslausar ef laxgengdin eykst skyndilega.

Sleppingar á sumaröldum seiðum voru ekki ráðlagðar eftir athuganir árið 1986 þar sem þá virtist nægilegt seiðamagn í ánni. Nú eru hins vegar tveir mjög lélegir árgangar í ánni og er því ráðlagt að sumaröldum seiðum verði sleppt í ána sumarið 1988 til að fylla í þau skörð sem þannig hafa myndast. Þetta á bæði við um Tunguá og Flekkudalsá.

Sleppingar á gönguseiðum hófust í ána vorið 1987 en þá var 3000 seiðum sleppt í Kjallakstaðaá rétt fyrir ofan brúna. Seiðin voru aðlöguð í flotbúri og fóðruð þar til þeim var sleppt. Öll seiðin voru merkt með örmerkjum til að kanna árangur af sleppingunni. Nokkur afföll urðu á seiðunum. Sá staður sem valinn var reyndist of straumharður og olli það hreistursskemmdum og dauða á hluta af seiðunum. Flotbúr þola mjög lítinn straum og verður að hafa þau á nægilegu dýpi og þar sem áin er mjög lygn. Síðastliðið sumar var áin könnuð betur með þetta í huga og fannst hentugur staður skammt fyrir neðan Svinaskóg og er ráðlagt að sá staður verði reyndur vorið 1988. Sleppingar á gönguseiðum er sú aðferð sem einkum kemur til greina í vatnakerfi Kjallakstaðaár en stundum getur tekið nokkurn tíma að finna hentugustu sleppistaðina og meðferð fyrir sleppingu. Slikar sleppingar eru eina aðferðin sem getur aukið fiskgengdina fljótt þar sem seiðin fara að

skila sér strax ári eftir sleppinguna. Ariðandi er að þessum tilraunum verði haldið áfram og gengið úr skugga um hvort þessi aðferð skili nægilega góðum árangri.

Fylgjast þarf með mávi í ósnum. Á síðasta ári var töluvert af fugli skotið í ósnum og þarf að gera slíkt á hverju ári, einkum á þeim tíma er gönguseiðin eru á leið til sjávar.

STOD 1

STOD 2

STOD 3

STOD 4

STOD 5

STOD 6

STOD 7

STOD 8

STOD 9

STOD 10

TAFLA 1

ÞETTLEIKI LAXASEIDA Í TUNGVA, FLEKKUDALSA OG
KJALLAKSTADAA, 6 AGÚST 1987.

<u>STOÐ</u>	SVÆÐI	FJ.	SEIDA Í EINNI YFIRFERÐ/100 M ²					<u>ALLS</u>
	<u>M²</u>	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>3+</u>	<u>4+</u>	<u>5+</u>	
TUNGVA								
STOÐ 1	319	-	-	5.3	-	-	-	5.3
STOÐ 2	374	0.3	1.9	5.6	0.5	-	-	8.3
STOÐ 3	279	-	0.7	10.4	-	-	-	11.1
MEDALTAL		0.1	0.9	7.1	0.2	-	-	8.2
FLEKKUDALSA								
STOÐ 4	525	-	0.9	1.9	0.2	-	-	3.0
STOÐ 5	333	-	-	7.2	0.6	-	-	7.8
STOÐ 6	259	0.8	0.8	10.8	1.5	-	-	13.9
MEDALTAL		0.3	0.6	6.6	0.8	-	-	8.3
KJALLAKSTADA								
STOÐ 7	360	-	1.9	2.5	-	-	-	4.4


TAFLA 2

VOXTUR LAXASEIDA I TUNGVA, FLEKKUDALSA OG KJALLAKSTADAA
EFTIR VEIDISTODUM 6.08 1987

<u>STOD</u>	<u>ML</u>	<u>0+</u>			<u>1+</u>			<u>2+</u>			<u>3+</u>		
		<u>SD</u>	<u>N</u>		<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
1	-	-	-	-	-	-	-	8.3	1.18	17	-	-	-
2	3.0	-	1	4.9	0.49	7	7.5	0.88	21	10.4	0.21	2	
3	-	-	-	4.7	0.71	2	7.2	0.87	29	-	-	-	
4	-	-	-	5.3	0.08	5	8.0	0.92	10	11.2	-	1	
5	-	-	-	-	-	-	6.8	1.41	25	10.2	-	1	
6	3.4	-	2	4.5	-	2	6.6	0.55	28	10.0	0.64	4	
7	-	-	-	5.5	0.19	7	8.1	0.63	9	-	-	-	


MYND 1:

VATNAKERFI KJALLAKSTADAAR. RAFVEIDISTADIR ERU SYNDAR MED
NUMERUM.



MYND 2:

ÞETTLEIKI LAXASEIDA Í VATNAKERFI KJALLAKSTADAAR 1986-1987.



MYND 3:

LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA I VATNAKERFI KJALLAK-STADAAR 6 AGUST 1987.

